



Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Nefndarsvið
Alþingi við Austurvöll
101 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 140/1393
komudagur 6.3.2012

Reykjavík, 6. mars 2012

Umsögn um frumvarp til laga um menningarminjar, 316. mál.

Borgarskjalasafn Reykjavíkur fékk ofangreint frumvarp sent til umsagnar þann 2. febrúar 2012. Farist hefur fyrir að senda Alþingi athugasemdir við það og er beðist velvirðingar á því en vonast er til að neðangreindar athugasemdir verði teknar til efnislegrar meðferðar.

Hér á eftir fara einungis athugasemdir við þau ákvæði frumvarpsins sem tengjast skjalasöfnum og skjölum. Í frumvarpinu er áherslan eins og eðlilegt er á fornminjar og grip, sem falla undir safnategundir sem á ensku nefnast „museum“. Þó tekur frumvarpið einnig til stakra skjala, skjalasafna, handrita, ljósmynda og landabréfa. Ekki er óeðlilegt að frumvarp um menningarminjar taki einnig til skjala, sérstaklega til þess að tollverðir og aðrir sem eiga að fylgjast með því að menningarlegum þjóðarverðmætum sé ekki eytt eða þau flutt úr landi, hafi ein lög til að fara eftir. Í frumvarpinu eru skjöl og skjalasöfn einungis nefnd í framhjáhlaupi sem er miður.

Einungis er fjallað er um skjöl og handrit í 2. grein og 45. grein. Önnur grein frumvarpsins fjallar um þjóðminjar og þjóðarverðmæti og þar segir meðal annars:

Til þjóðarverðmæta teljast hvers konar munir, gripir, myndir, skjöl, handrit og bækur í eigu opinberra stofnana, fyrirtækja, félagasamtaka eða einstaklinga sem hafa sérstaka þýðingu fyrir íslenska þjóðmenningu.

Í 45. grein frumvarpsins er fjallað um hvaða menningarminjar sé óheimilt að flytja úr landi án formlegs leyfis:

6. Ljósmyndir og kvikmyndir og filmur eða glerplötur af þeim, enda séu þær eldri en 50 ára og ekki í eigu höfunda þeirra.

7. Bækur, prentaðar á Íslandi fyrir 1800, svo og íslensk handrit, eldri en frá árinu 1800, stök eða sem safn, án tillits til verðgildis.

8. Önnur handrit, þar með talin landabréf og raddskrár, stakar eða sem safn, sem eru eldri en 50 ára og ekki í eigu höfunda þeirra.
9. Aðrar bækur, eldri en 100 ára, stakar eða sem safn.
10. Prentuð landabréf, eldri en 200 ára.
11. Skjalasöfn hvers konar og hluta þeirra, úr hvaða efni sem er, svo sem dagbækur, handrit, skýrslur, fundargerðabækur og skissubækur, eldri en 50 ára.

Alvarlegar athugasemdir eru gerðar við að í frumvarpinu er ekkert fjallað um hvaða atriði þurfi að hafa í huga varðandi varðveislu skjalasafna eða stakra skjala sem eru þjóðargersemar. Þar má til dæmis minnst á að ákvæði vantar um að haldin sé skrá yfir mikilvægustu skjalasöfn í einkaeigu, ákvæði um að ef skjalasafn finnst sé kallað á skjalavörð frá Þjóðskjalasafni eða héraðsskjalasafni til að skoða það og ekki hróflað við því á meðan og að skjalasöfnum sé ekki skipt upp á marga staði. Ekki er í frumvarpinu fjallað sérstaklega um gagnagrunna eða önnur rafræn skjöl sem geta haft mikið menningarlegt gildi og þarf að tryggja varðveislu á hér á landi.

Þá er í frumvarpinu fjallað um minjaráð og Minjastofnun Íslands. Minjaráð og Minjastofnun taka til minjavörslu sem tekur ekki til skjalasafna. Enginn sérfræðingur á sviði skjalavörslu er eða þarf að vera starfandi hjá Minjastofnun. Eðlilegt væri að í frumvarpinu væri sérstakur kafli sem fjallaði um verndun skjalasafna og um opinber skjalasöfn og væri þar vísað til Þjóðskjalasafns Íslands, stjórnarnefndar Þjóðskjalasafns og héraðskjalasafna sem fara með skjalavörslu á sínum safnasvæðum. Bæta þyrfti inn í 10. gr. frumvarpsins að opinber skjalasöfn gætu átt fulltrúa í minjaráði hvers minjasvæðis, en eins og áður sagði falla þau ekki undir ICOM skilgreiningu safns eða „museum“. Þá þyrfti að vera skýrt í frumvarpinu að leita þurfi til sérfræðinga á sviði skjalavörslu varðandi beiðnir um útflutning skjalasafna.

Virðingarfyllst,


Svanhildur Bogadóttir,
borgarskjalavörður